

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 321. fundur

Föstudaginn 17. apríl 2020 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:00.

### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

### Dagskrá fundar:

1. Stöðumat vegna COVID 19
2. Gjaldskrárstefna – tillaga
3. Stefnur Strætó
4. Gæðakerfi Strætó, ársfjórðungsleg staða.
5. Önnur mál.

### Tekið fyrir:

#### 1. Stöðumat vegna COVID-19

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, fór yfir stöðuna. Gert er ráð fyrir að tekjur verði um 420 til 610 mkr. lægri en áætlan ársins gerir ráð fyrir. Það byggir á þeirri sviðsmynd að þjónustustig verði komið í eðlilegt horf í síðasta lagi í ágúst 2020. Hagrætt hefur verið á móti tekjutapinu og gert ráð fyrir að niðurstaða reksturs Strætó verði um 150 mkr. tap á árinu 2020. Frestað hefur verið fjárfestingu í nýjum vögnum. Lagt var fram minnisblað frá sérfræðingum úr leiðakerfi, farþegaþjónustu og markaðs- og söludeild Strætó þar sem þeir lýsa skoðunum og hugleiðingum sínum er varðar COVID-19 og áhrif þess á rekstur og þjónustu Strætó. Stjórn tekur undir áhyggjur sem þar koma fram og mun leitast við eins kostur er að lágmarka áhrifin á rekstur Strætó. Framkvæmdastjóra var falið að áframsenda minnisblaðið til stjórn SSH. Stofnaður verður vinnuhópur sem mótar tillögur um færslu leiðakerfisins í fyrra horf í skrefum á næstu vikum. Rætt var um hlutfall útvistunar og innvistunar í ljósi aðstæðna. Framkvæmdastjóra var falið að kanna nánar stöðuna. Stjórnarformaður greindi frá samskiptum sínum við framkvæmdastjóra almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins vegna þjónustu Strætó á tímum COVID 19.

#### 2. Gjaldskrárstefna - tillaga

Fyrir fundinum lágu drög að nýrri gjaldskrá í samræmi við umræður í stjórn um gjaldskrárstefnu, þar sem gjaldskrá er einfölduð og afsláttarfyrirkomulag samræmt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og undirbúa erindi sem sent verður til eiganda.

#### 3. Stefnur Strætó

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála, kynnti stefnur Strætó. Fyrirhugað er að stjórnendur haldi fund fljótlega þar sem farið verður yfir stefnur Strætó með hliðsjón nýrri stefnumörkun Strætó þar sem áhersla er á þjónustumál.

#### 4. Gæðakerfi Strætó

Sigríður Harðadóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála, fór yfir tölfræði er varðar ábendingar úr gæðakerfi Strætó ásamt því að kynna þau umbótaverkefni sem stofnað hefur verið til í framhaldi af ábendingunum.

#### 5. Önnur mál.

- a. Akstursþjónustan staðan. Búið er að senda útboðsgögn út. Hafin er vinna við undirbúning að breyttu fyrirkomulagi, rafræn tenging við leigubílastöð, uppfærslu á leiðbeiningum fyrir notendur, heimasíðu o.fl. Verið að skoða hvort taka eigi upp nýtt vörumerki fyrir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
- b. Stjórnarformanni og varaformanni falið að taka upp viðræður við framkvæmdastjóra um ráðningarsamning hans við Strætó.
- c. Rætt var um metanmál og stöðuna á því. Nokkrar umræðar hafa verið hjá sveitarfélögum um stöðuna og næstu skref.

Fundi slitið: kl. 13:00

**Fylgiskjöl:**        **COVID -19 staðan.**  
                          **Stefnur Strætó.**  
                          **Tölfræði ábendinga.**

\_\_\_\_\_  
Björg Fengler

\_\_\_\_\_  
Hjálmar Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Sigrún Edda Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson